**Bekkur:** 3. bekkur

**Námsgrein:** Íslenska (Samþættist við náttúrugreinar, samfélagsgreinar og upplýsinga og tæknimennt)

**Kennarar:** Heiðrún Harpa Marteinsdóttir og Hólmfríður Ólafsdóttir

**Tímafjöldi:** 6 klst á viku

GRUNNSKÓLINN Í BORGARNESI

*Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð*

**Námsgögn:**

Halló heimur 2, Milli himins og jarðar - Hrafninn, Komdu og skoðaðu fjöllin, Komdu og skoðaðu hafið og fleiri bækur sem unnið er með í takt við áherslur byrjendalæsis, Litla lesrún, Lesrún, Ritrún 2, Skrift 2 og 3, Góður betri bestur 2b, lestrarbækur frá Menntamálastofnun o.fl.

Ýmis námsspil, gagnvirkt efni s.s. krakkaleikir á mms.is, Orðagull, Orðalykill, 100 ord.is o.fl.

**Lykilhæfni:**

Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Grunnskólans í Borgarnesi

| Námsflokkar | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Talað mál og hlustun | Að nemandi:<br>• geti beitt skýrum og áheyrilegum framburði.<br>• þjálfist í að endursegja efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.<br>• þjálfist í að tjá sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.<br>• geti hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.<br>• geti lýst ákveðnu fyrirbæri.<br>• geti átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi. | Einstaklings- og paralestur<br><br>Framsögn, nemendur kynna verkefni sem þeir hafa unnið, lesa upphátt og segja frá m.a. með leikrænum hætti.<br>Jólaútvarp, jólasögur sem þau semja sjálf. | Leiðsagnarmat<br>Símat |
| Lestur og bókmenntir | • þjálfist í að nota góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.<br>• geti lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.<br>• geti tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.<br>• þjálfist í að beita hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.<br>• þjálfist í að velja sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesi sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.<br>• þjálfist í að lesa úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum. | Heimalestur 5x í viku.<br>Yndislestur<br>Hraðlestraræfingar<br>Taki þátt í lestrarátaki tvisvar á skólaárinu þar sem markmiðið er að þjálfa lestrarhraða og lesskilning.<br>Nemendur þjálfist í lesskilningi með því að hlusta á texta, lesa texta og vinna verkefni og/eða svara spurningum. Unnið með mismunandi texta, leikrit og þjóðsögur. Læra vísur og ljóð og | Heimalestur,<br>Lesferill,<br>Orðarún,<br>leiðsagnarmat,<br>sjálfsmat,<br>símat. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | þekki bækur eftir íslenska rithöfunda. | |
| Ritun | • geti dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.<br>• geti beitt einföldum stafsetningarreglum.<br>• þjálfist í að nýta í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.<br>• þjálfist í að skrifa texta á tölvu og geti beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.<br>• geti samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.<br>• þjálfist í að skrifa og leyfa öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda. | Nemendur vinna fjölbreytt ritunarverkefni bæði einstaklingslega, í paravinnu og í litlum hópum.<br>Sögugerð bæði í stílabók og í tölvu.<br>Þjálfi skrift og persónulega rithönd við ýmis skrifleg verkefni og í skriftarbækur.<br>Þjálfist í stafsetningu á fjölbreyttan hátt. | Skriftaræfingar,<br>mat á ritunaræfingum,<br>leiðsagnarmat,<br>sjálfsmat,<br>símat |
| Málfræði | • þjálfist í að beita töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ráði yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.<br>• kynnist orðflokkunum nafnorð, lýsingarorð og sagnorð.<br>• þjálfist í að leika sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.<br>• geti þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.<br>• þjálfist í að leika sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.<br>• þjálfist í að raða í stafrófsröð og geri sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.<br>• geti greint mun á samnöfnum og sérnöfnum. | Nemendur þjálfist í verkefnavinnu sem eflir tilfinningu fyrir málinu.<br>Þeir fá tækifæri til að beita íslensku á fjölbreyttan hátt í gegnum umræður og leiki.<br><br>Lögð er áhersla á vandaðan frágang verkefna. | Stafsetningastílar,<br>verkefna- og vinnubækur,<br>leiðsagnarmat<br>símat |